



Hvaleyraryvöllur

Almennar staðarreglur – Í gildi frá 25. júní 2025

1. Vallarmörk eru hvítar stikur, brúnar stikur með hvítum toppi og hvítar línur. Einnig gildir að:

- Í Hrauninu (holur 1-9) afmarkast völlurinn af innstu brún malbikaðra vega og stíga umhverfis völinn, þar sem vallarmarkastikur eru ekki fyrir hendi. Aðliggjandi grjótkambur er hluti vallar. Grjót sem losnað hefur úr kambinum er lausung.
- Við leik á 1. og 9. holu afmarka hvítar stikur vinstra megin við 1. braut völinn. Stikurnar eru vallarmarkahlutir við leik þessara hola, annars eru stikurnar óhreyfanlegar hindranir.
- Við 9. holu afmarkast völlurinn vinstra megin af vallarmarkastikum, innri brún malbikaðs stígs við bílastæði, innri brún vegar eða kantsteina upp brekkuna og þaðan í stiku við 16. teig.
- Á Hvaleyrynni (holur 10-18) afmarkast völlurinn af sjávarbökkum (samhangandi grasbökkum) þar sem vallarmarkastika og -lína nýtur ekki við.
- Við 10. holu afmarkast völlurinn hægra megin af vallarmarkastikum frá golfskála að vörðu við teiga, þaðan í innri malbiksbrún við Miklaholt og að vallarmarkastikum umhverfis flötina. Aðliggjandi grjótkambur við Miklaholt er hluti vallar. Grjót sem losnað hefur úr kambinum er lausung.
- Við golfskála hjá 15. flöt afmarkast völlurinn af vallarmarkastikum aftan við flötina, hornstiku við bílastæði, hellulögn og innri brún göngustígs að hvítri línu, þaðan í stiku við æfingaflöt og í stiku við vesturhorn bílastæðis.
- Við leik á 16. holu er snöggslegið svæði á 18. holu (þ.e. 18. brautin) utan vallar.

2. Eftirtalið er hluti vallar:

- Allir grjótkambur og grjóthleðslur (*athugið að ekki má fjarlægja steina úr grjótgörðum*).
- Gervigras í glompuköntum.
- Mannvirkjaleifar neðan við 16. flöt, á hól framan við 17. flöt og nærri teigum á 18. holu.
- Malarvegur meðfram grjótkambur á 11. holu og umhverfi hans.

3. Eftirtaldir hlutir eru óhreyfanlegar hindranir (regla 16.1):

- Jarðfastir steinar og berar klappir, á snöggslegnu svæði á almenna svæðinu.
- Fjarlægðarstikur, vegvísar og brautarmerkingar, ásamt uppróti og mól umhverfis þær.

Ath.: Miðunarstangir og lágar girðingar til að stýra umferð við flatir og teiga eru hreyfanlegar hindranir og má því hreyfa, vítafast.

4. Bolta sem liggur á 2. flöt má hreyfa um púttershaus en þó ekki nær holunni.

5. Dæmi leikmaður bolta sinn ósláanlegan þegar hann leikur 2., 3. eða 5. holu má hann, til viðbótar valkostum í reglu 19, láta bolta falla gegn einu vítahöggi á fallreiti sem staðsettir eru á viðkomandi holu. Staðsetning fallreitanna er auðkennd með skiltum sem merkt eru „Fallreitir“. Lausnarsvæði er ein kyflulengd frá viðkomandi skilti. **Þó má ekki nýta fallreit ef skiltið sem auðkennir fallreitinn er nær holunni en boltinn sem er dæmdur ósláanlegur.**

Ath.: Ekki er leyfilegt að fara að samkvæmt þessari staðarreglu ef bolti týnist eða er út af. Einn fallreitur er á hverri holu, nema að á 5. holu eru þeir tveir.

6. Samskeyti og jaðrar skorinna gras- og torfbakna. Fyrirmynd staðarreglu F-7 er í gildi og nær bæði til graspakna og þakna úr móatorfi.